

SAMANTEKT

Lýsingar samanstanda af upplýsingakröfum sem settar eru fram í ýmsum liðum. Liðirnir eru tölusettir í köflum A-E (A.1-E.7).

Samantekt þessi er þýðing úr samantekt lýsingar sem birt hefur verið á ensku. Ef misræmi er milli íslenskrar þýðingar og samantektar á ensku þá gildir enska samantektin.

Samantektin inniheldur alla þá liði sem krafist er í samantekt fyrir viðkomandi tegund verðbréfa og útgefanda. Þar sem ekki er þörf á að fjallað sé um tiltekna liði kunna þó að vera eyður í tölusetningu liðanna.

Einnig kann að vera að engar viðeigandi upplýsingar finnast um lið sem skylt er að fjalla um í samantekt um viðkomandi tegund verðbréfs og útgefanda. Í slíkum tilfellum er birt stutt lýsing á liðnum ásamt skýringunni „á ekki við“.

Kafli A — Inngangur og varnaðarorð		
A.1	Inngangur og varnaðarorð	<p>Þessari samantekt er ætlað að vera inngangur að lýsingunni.</p> <p>Ákvörðun um að fjárfesta í verðbréfum (skv. skilgreiningu í C.1) skal vera byggð á mati fjárfestis á lýsingunni í heild.</p> <p>Höfði fjárfestir dómsmál sem varðar upplýsingar í lýsingunni gæti hann, samkvæmt landslögum í aðildarríkjum EES, þurft að greiða kostnað við þýðingu á lýsingunni áður en málarekstur hefst.</p> <p>Einkaréttarleg ábyrgð á einungis við um einstaklinga sem leggja fram samantektina, þar á meðal þýðingu á henni, en einungis ef samantektin er misvísandi, röng eða ósamkvæm þegar hún er lesin saman með öðrum hlutum lýsingarinnar eða ef hún veitir ekki, þegar hún er lesin saman með öðrum hlutum lýsingarinnar, lykilupplýsingar sem fjárfestar geta stuðst við þegar þeir íhuga að fjárfesta í viðkomandi verðbréfum.</p>
A.2	Samþykki fyrir notkun lýsingar	Á ekki við. Fjármálamililiðum er ekki heimilt að nota lýsinguna við endursölu eða í lokuðu útboði á verðbréfunum.

Kafli B — Útgefandi		
B.1, B.31	Nafn og viðskiptaheiti félags	Nafn félagsins er Arion banki hf. og erlent viðskiptaheiti þess er Arion Bank hf.
B.2, B.31	Lögheimili og félagaform útgefanda	Bankinn er hlutafélag, stofnað 18. október 2008 í samræmi við lög nr. 2/1995 um hlutafélög, með síðari breytingum, kennitala 581008-0150. Bankinn hét áður Nýi Kaupþing banki hf. en 21. nóvember 2009 var nafninu breytt í Arion banka hf. Lögheimili bankans er við Borgartún 19, 105 Reykjavík, Ísland. Bankinn er fjármálastofnun samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum („lög um fjármálafyrirtæki“).
B.3, B.31	Starfsemi	Arion banki er leiðandi í almennum bankaviðskiptum á Íslandi, með margvíslega og framsækna starfsemi. Til þess að tryggja jafnvægi og fjölbreytileika í vöru- og þjónustuframboði skiptist starfsemi Arion banka í fjögur megin svið, auk stoðsviða og dótturfélaga sem bæta mikilvægum vörum og þjónustu við reksturinn.

		<p><i>Svið:</i></p> <p>Á <i>viðskiptabankasviði</i> er boðið upp á fjölbreytt úrval af vörum og þjónustu, m.a. húsnæðislán, spari- og tékkareikninga, bíla- og tækjafjármögnun, kröfukaup, greiðslukort, lífeyrisþjónusta, tryggingar og sjóði, fyrir bæði einstaklinga og lítil og meðalstór fyrirtæki.</p> <p>Á <i>fyrirtækjasviði</i> eru veittar framsæknar og sérsniðnar lánalausnir, m.a. afborgunarlán, veltulán og ábyrgðarsamningar, til stærri fyrirtækja í öllum geirum, með áherslu á 100 stærstu fyrirtækin á Íslandi.</p> <p>Á <i>fjárfestingarbankasviði</i> er boðið upp á fjölbreytt úrval fjárfestingarbankaþjónustu, m.a. hluta- og skuldabréfaviðskipti, hlutafjárútboð, samruna- og yfirtökuráðgjöf og skulda- og hlutabréfamiðlun, til breiðs hóps viðskiptavina, þar á meðal fyrirtækja, atvinnufjárfesta, eignastýringarfyrirtækja og lífeyrissjóða.</p> <p>Á <i>eignastýringarsviði</i>, sem samanstendur af eignastýringarsviði Arion banka og sjálfstæða dótturfélaginu Stefni hf., er veitt alhliða eignastýringarþjónusta fyrir stofnanafjárfesta, svo sem lífeyrissjóði og tryggingafélög, og eignamikla einstaklinga.</p> <p>Ofangreind svið ásamt fjárstýringu, öðrum sviðum og dótturfélögum mynda starfspætti samstæðunnar.</p> <p><i>Dótturfélög:</i></p> <p>Helstu dótturfélög Arion banka, auk Stefnis hf., eru þessi:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Valitor Holding hf. („Valitor“) er alþjóðlegt greiðslumiðlunarfyrirtæki í eigu Arion banka með starfsemi einkum á Íslandi, Bretlandi og Norðurlöndunum, sem felur í sér bæði færsluhirðingu og kortaútgáfu. Valitor veitir seljendum og fyrirtækjum færsluhirðingarþjónustu fyrir kortaviðskipti og viðskipti á netinu og veitir innlendum og erlendum samstarfsaðilum kortaútgáfuþjónustu og greiðslulausnir. Arion banki er um þessar mundir að kanna ýmsa kosti hvað varðar eignarhaldið á Valitor. Í þessu samhengi skoðaði stjórnin hagkvæmni tilfærslu á Valitor til núverandi hluthafa í formi arðgreiðslu. Stjórnin telur að þrátt fyrir að sala á Valitor gæti haft jákvæð áhrif á Arion banka þurfi að meta fyrirkomulag slíkrar sölu frekar en það gæti falið í sér sölu á Valitor, að hluta til eða í heild, til þriðja aðila. Stjórnin hefur í stefnumótun sinni haft það fyrir augum að sala á Valitor eigi sér stað innan meðallangs tíma. Engin ákvörðun um sölu hefur verið tekin, hvorki varðandi fyrirkomulag eða tímasetningu; og • Vörður tryggingar hf. er almennt tryggingafélag sem selur ökutækja-, heimilis-, eigna-, líf- og sjúkdómatryggingar.
B.4a, B.31	<i>Þróun og horfur</i>	<p>Íslenskt efnahagslíf hefur náð sér á strik eftir efnahagskreppuna árið 2008 og verg landsframleiðsla miðað við höfðatölu er ein sú hæsta í heiminum, eða um 52.000 Bandaríkjadalir á mann árið 2017 (<i>heimild: Hagstofa Íslands, AGS</i>). Íslenska hagkerfið er tiltölulega ungt og vaxandi, með 3,2% vöxt í vergri landsframleiðslu að meðaltali á árunum 2010 til 2017, og vaxandi fjárfestingarþörf (<i>heimild: Greiningardeild Arion banka</i>). Verg landsframleiðsla á Íslandi jókst á árunum 2017, 2016 og 2015 um 3,6%, 7,5% og 4,3% (<i>heimild: Hagstofa Íslands</i>). Frá 2011 hefur verg skuldastaða ríkisins, sem hlutfall af vergri landsframleiðslu, farið lækkandi og</p>

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn spáir því að þessi tala lækki enn frekar, úr 63% árið 2017 í 33% árið 2020 (*heimild: Hagstofa Íslands, AGS*). Afgangur af vöruskiptajöfnuði var 3,7% af vergri landsframleiðslu og afgangur af fjárlögum var 1,2% af vergri landsframleiðslu 31. desember 2017 (*heimild: Peningamál Seðlabanka Íslands 2017/2*).

Íbúafjöldi á Íslandi er um það bil 350.000 og almenn lífsgæði eru mikil. Atvinnuleysi á Íslandi fer minnkandi, var 2,8% 2017, 3% 2016 og 4% 2015, sem er töluvert minna en í Svíþjóð, Írlandi og á Evrusvæðinu (*heimild: Hagstofa Íslands, AGS*).

Efnahagur Íslands er fjölbreyttur og grundvallast á fjórum útflutningsstoðum: ferðaþjónustu (þ.e. sem uppsprettu erlendra tekna), sjávarútvegi, orku og öðrum iðnaðarvörum og þjónustu. Árið 2016 var útflutningur u.þ.b. 47% af vergri landsframleiðslu. 42% af útflutningi var í ferðaþjónustu og 16% í sjávarútvegi. Á undanförunum árum hefur fjöldi ferðamanna aukist til muna, eða um 30% árið 2015, 40% árið 2016 og 24% árið 2017, samanborið við fyrra tímabil (*heimild: Hagstofa Íslands, Isavia*).

Sterk staða íslensks efnahagslífs styður við stöðugan og vaxandi bankageira. Íslenska bankageirinn samanstendur einkum af þremur stærstu viðskiptabönkunum (Arion banka hf., Landsbanka hf. og Íslandsbanka hf.), en samanlögð markaðshlutdeild þeirra í árslok 2017 var 52% af lánum til heimila, 80% af lánum til fyrirtækja og 98% af innistæðum (*heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið, Ársskýrslur Arion banka, Landsbanka og Íslandsbanka*). Alþingi samþykkti lög um fjármagnshöft í nóvember 2008 til þess að tryggja gengi íslensku krónunnar gagnvart öðrum gjaldmiðlum („**fjármagnshöftin**“). Þau takmörkuðu möguleika íslensks almennings og fyrirtækja til að kaupa og selja erlendan gjaldeyri, en var að mestu aflétt í mars 2017.

Viðskiptabankþjónusta

Markaður fyrir fjármálaafurðir til einstaklinga og lítilla og meðalstórra fyrirtækja á Íslandi er tiltölulega stöðugur og starfar í hagkerfi í vexti og því er viðskiptabankamarkaðurinn sem slíkur einnig í vexti. Íslenska þjóðin er ung og vel menntuð og atvinnuleysi er lítið. Þess er vænst að þessir þættir stuðli áfram að aukinni fjármögnunarþörf og vexti á húsnæðislánamarkaðnum til meðallangs tíma lítið. Lán til íslenskra heimila námu 1.770 milljörðum króna í árslok 2017, 1.626 milljörðum í árslok 2016 og 1.585 milljörðum í árslok 2015 (*heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands*). Innistæður í íslenskum bönkum námu 1.652 milljörðum króna í árslok 2017, 1.628 milljörðum í árslok 2016 og 1.652 milljörðum í árslok 2015 (*heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands*).

Fyrirtækjabankþjónusta

Vaxandi eftirspurn er eftir lánum frá íslenskum fyrirtækjum og samkvæmt mati Arion banka námu lánveitingar til íslenskra fyrirtækja (þ.m.t. útgáfa fyrirtækjaskuldabréfa) alls 1.904 milljörðum króna í árslok 2017, 1.771 milljörðum í árslok 2016 og 1.706 milljörðum í árslok 2015. Þó hefur þrengt að framlegð á markaðnum frá árinu 2013, fyrst og fremst vegna samkeppni frá innlendum lífeyrissjóðum (með fjárfestingum þeirra í fasteignavörðum verðbréfum fremur en beinum lánum til fyrirtækja) og, upp að vissu marki, frá erlendum bönkum. Auk þess hafa erlendir bankar aukið aðkomu sína á markaðnum, með áherslu á fyrirtæki sem starfa á alþjóðavettvangi, einkum í sjávarútvegi.

		<p>Fjárfestingarbankaþjónusta</p> <p>Útgáfa nýrra skuldabréfa á Íslandi jókst í kjölfar fjármálakreppunnar 2008 og náði jafnvægi árið 2014. Útgáfa nýrra skuldabréfa nam 228 milljörðum króna í árslok 2017, 206 milljörðum í árslok 2016 og 150 milljörðum í árslok 2015 (<i>heimild: Nasdaq Iceland</i>). Þessar nýju skuldabréfaútgáfur má helst rekja til fasteignafélaga og útgáfu varinna skuldabréfa og eftirspurnin er fyrst og fremst vegna stofnanafjárfesta. Til þessa hafa íslensk fyrirtæki frekar reitt sig á lán frá fjármálastofnunum til að fjármagna sig, en Arion banki gerir ráð fyrir að fyrirtækjaskuldabréfamarkaðurinn haldi áfram að vaxa í framtíðinni, að hluta til á grundvelli áætlaðrar aukningar á starfsemi er tengist samrunum og yfirtökum. Ýmsir þjóðhagslegir þættir gætu stuðlað að aukningu samrunum og yfirtökum fyrirtækja á Íslandi, þ.m.t. lækkun á meginvöxtum Seðlabankans, lítil verðbólga og sterkur hagvöxtur á Íslandi. Enn fremur hafa mörg íslensk verið rekin með verulegum hagnaði og tilsvareandi aukningu eiginfjár sem gerði þeim kleift að grynna á skuldum sínum og fá aðgang að lánamörkuðum til að fjármagna yfirtökur.</p> <p>Eignastýring</p> <p>Til þessa hafa lífeyrissjóðir verið ráðandi þegar kemur að sparnaði á Íslandi og Arion banki væntir þess að streymi fjármagns inn í lífeyrissjóðakerfið haldi áfram á komandi árum. Frá fjármálahruninu 2008 hefur vöxtur á markaðnum aukist, erlend fjárfesting færst í aukana og boðið hefur verið upp á fjölbreyttara vöruúrval. Eignir íslenskra lífeyrissjóða eru um það bil 30 sinnum meiri en þeir fjármunir sem tryggingafélög sýsla með og fjárfestanlegar eignir lífeyrissjóða voru meira en 152% vergrar landsframleiðslu í árslok 2017 (<i>heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands</i>). Arion banki áætlar að heildareignir í fjárfestingarstýringu á Íslandi, að undanskildum lífeyrissjóðum, nemi um 2.500 milljörðum í árslok 2017 (þar með talin sjóðstýringarfyrirtæki).</p> <p>Kortagreiðslur og rafrænar greiðslur</p> <p>Íslenski kortagreiðslumarkaðurinn er í vexti og kortavelta heimilanna hefur aukist stöðugt frá árinu 2014. Erlendar kortagreiðslur hafa einnig aukist mánaðarlega (frá fyrra ári) síðan 2014 samkvæmt skýru árstíðabundnu mynstri. Þróun mála í rafrænum greiðslum hefur einnig stuðlað að auknum vexti, enda færast lönd um allan heim sífellt nær peningalausum hagkerfi. Á árinu 2016 voru kortagreiðslur 56% af öllum viðskiptum neytenda í Bretlandi, 76% í Noregi, Danmörku og Svíþjóð og 31% í Vestur-Evrópu. Áætlað er að þessar tölur verði 65%, 80% og 39% árið 2020 (<i>heimild: Euromonitor, WW New Media Market Model</i>).</p>
B.5, B.31	<i>Samstæðan</i>	Móðurfélagið Arion banki hf. og dótturfélög mynda samstæðu. Með „Arion banka“, „bankanum“ og „samstæðunni“ er átt við Arion banka og dótturfélög bankans, nema samhengið gefi annað til kynna.
B.6, B.31	<i>Helstu hluthafar o.s.frv.</i>	Við útgáfu þessarar lýsingar voru Kaupskil ehf. og Trinity Investment Designated Activity Company (fjárfestingarfyrirtæki sem er stýrt af Attestor Capital LLP)(sameiginlega vísað til sem „seljenda“) eigendur 68,01% útgefina hluta. Að útboðinu loknu munu seljendur eiga 38,60% útgefina hluta, að því gefnu að umframsöluréttur verði ekki nýttur og að fjöldi útboðinna hluta og heimildarskírteina (SDR) sem seld eru séu á bilinu 22,63% og 36,20% af heildarfjölda útgefina hluta.
		Í töflunni hér að neðan er yfirlit yfir hluthafa og eignarhald þeirra fyrir útboðið og að útboði loknu (i) aðlagðar til samræmis við útboðið að því gefnu að

umframsöluréttur sé ekki nýttur og að fjöldi útboðinna hluta og SDR sem seld eru sé á bilinu 22,63% til 36,20% af heildarfjölda útgefinna hluta og (ii) aðlagðar til samræmis við útboðið að því gefnu að umframsöluréttur sé nýttur til fulls og að fjöldi útboðinna hluta og SDR sem seld eru séu á bilinu 22,63% til 36,20% af heildarfjölda útgefinna hluta:

Hluthafi	Fyrir útboð		Eftir útboð ef umframsöluréttur er ekki nýttur		Eftir útboð ef umframsöluréttur er nýttur að fullu	
	Fjöldi	% ⁽¹⁾	Fjöldi	% ⁽¹⁾	Fjöldi	% ⁽¹⁾
Kaupskil ⁽²⁾ Trinity Investments Designated Activity Company (fjárfestingarfyrrir tæki undir stjórn Attestor Capital LLP)	1.111.401.629	55,57	523.151.629	26,16	434.914.129	21,75
Taconic Capital Advisors UK LLP (í gegnum TCA New Sidecar III s.à r.l.)	248.799.999	12,44	248.799.999	12,444	248.799.999	12,44
Sculptor Investments s.à r.l. (aðili tengdur Och-Ziff Capital Management Group)	131.522.115	6,58	131.522.115	6,58	131.522.115	6,58
Goldman Sachs International (í gegnum ELQ Investors II Limited)	67.400.000	3,37	67.400.000	3,37	67.400.000	3,37
Arion banki ⁽³⁾	190.000.000	9,50	190.000.000	9,50	190.000.000	9,50
Aðrir hluthafar ⁽⁴⁾	50.876.258	2,54	50.876.258	2,54	50.876.258	2,54
Nýir hluthafar	—	—	588.250.000	29,41	676.487.500	33,82
Samtals	2.000.000.000	100,0	2.000.000.000	100,0	2.000.000.000	100,0

- (1) Prósenttölur eru námundaðar að næsta hundraðshluta.
- (2) Kaupskil er að fullu leyti í eigu Kaupþings. Strax að loknu útboði er Kaupþingi heimilt, á samkvæmt ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um hæfi Kaupþings að fara með virkan eignarhlut, að ákveða eiga hluti beint, frekar en í gegnum Kaupskil og án skilyrða sem FME hefur sett. Óbeint eignarhald ofangreindra hluthafa í hlutafé Arion banka er eftirfarandi: Attestor Capital LLP: 4,39%; Taconic Capital Advisors UK LLP: 26,65%; Och-Ziff Capital Management Group: 3,30%; Goldman Sachs International: 1,82%. Eignarhald hvers og eins í hlutafé bankans, þegar beint og óbeint eignarhald er lagt saman, er því eftirfarandi: Attestor Capital LLP: 16,83%; Taconic Capital Advisors UK LLP: 36,64%; Och-Ziff Capital Management Group: 9,88%; Goldman Sachs International: 5,19%.
- (3) Í febrúar 2018 eignaðist Arion banki 9,5% af eigin hlutum í endurkaupum af Kaupskilum fyrir 17,1 milljarð króna. Engin atkvæðisréttur fylgir eigin hlutum Arion banka á meðan þeir eru í eigu bankans. Arion banki íhugar nú ógildingu á hluta þeirra og hefur engin áform um að selja þessa hluti á markaðinum. Hins vegar hyggst bankinn halda hluta þeirra til að nota sem kaupaukagreiðslu til starfsmanna, í samræmi við samþykkt hluthafafundur 9. maí 2018, um að veita öllum starfsmönnum kaupauka í formi skilyrtrar greiðslu með hlutum („kaupaukagreiðsla“). Úthlutunin verður háð því að útboð og skráning verðbréfanna fari fram á NASDAQ Iceland og NASDAQ Stockholm eigi síðar en 31. desember 2018. Arion banki áætlar að heildarfjárhæð kaupaukagreiðslunnar muni nema u.þ.b. 675 milljónum króna.
- (4) Aðrir hluthafar eru íslenskir verðbréfasjóðir, sem eignðust hlutina í lokuðu útboði í febrúar 2018.
- (5) Á meðal nýrra hluthafa eru hornsteinsfjárfestar (e. Cornerstone Investors)

<p>B.7, B.31</p>	<p><i>Valdar fjárhags- upplýsingar um samstæðuna</i></p>	<p>Valdar fjárhagsupplýsingar um samstæðuna í árslok 2017, 2016 og 2015 eru, nema annað sé tekið fram og undanskilið neðangreindu, úr endurskoðuðum samstæðuársreikningum Arion banka fyrir fjárhagsárin sem lauk 31. desember 2017, 2016 og 2015, útbúnum í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu („IFRS“) og viðbótarkröfur í lögum nr. 3/2006 um ársreikninga, með síðari breytingum („ársreikningalögunum“), lög um fjármálafyrirtæki og reglur um reikningsskil lánastofnana.</p> <p>Vegna eftirfarandi endurflokkunar eru ákveðnir liðir í völdum upplýsingum um samstæðuna fyrir árin sem lauk 31. desember 2016 og 2015 frábrugðnir viðkomandi endurskoðuðum ársreikningi sem hér er að finna:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Fyrir árið sem lauk 31. desember 2017 voru hreinar tekjur af fastafjármunum í sölumeðferð flokkaðar sem „afkoma af aflagðri starfsemi, eftir skatta“. Í endurskoðuðum samstæðuársreikningnum frá og með árinu sem lauk 31. desember 2017 („ársreikningur 2017“) voru hreinar tekjur af fastafjármunum í sölumeðferð settar fram sem „aðrar tekjur“. • Fyrir árið sem lauk 31. desember 2017 voru fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi settir fram meðal „annarra eigna“. Í ársreikningnum fyrir 2017 voru „fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi“ settir fram sem sér liður. • Fyrir árið sem lauk 31. desember 2017 var „aukning á handbæru fé vegna samruna“ sett fram sem sér liður fyrir neðan „breyting á handbæru fé“. Í ársreikningnum fyrir 2017 var „aukning á handbæru fé vegna samruna“ sett fram meðal „fjárfestingarhreyfinga“. • Fyrir árið sem lauk 31. desember 2017 voru starfsfþættir settir fram án þess að sýna úthlutaðan kostnað frá stoðsviðum til tekjusviða. Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki hefur einnig verið undanskilinn í yfirliti um starfsþætti. Í ársreikningnum fyrir 2017 hefur úthlutaðum kostnaði og skiptingu á sérstökum skatti á fjármálafyrirtæki verið bætt við starfsþáttayfirlitið • Fyrir árið sem lauk 31. desember 2016 voru eigin iðgjöld dótturfélagsins Okkar líftryggingar hf. sett fram sem „aðrar tekjur“ og eigin tjón félagsins sett fram sem „annar rekstrarkostnaður“. Frá árinu 2016 hafa þessar fjárhæðir verið settar fram sem sér liður „hreinar tekjur af tryggingum“. <p>Í samræmi við þetta eru valdar fjárhagsupplýsingar um samstæðuna til ársloka 2017 fengnar úr ársreikningi ársins 2017, nema annað sé tekið fram. Til þess að geta sett fram upplýsingar í samræmi við framsetninguna sem tekin var upp í ársreikningnum á árunum fyrir 2017 eru valdar fjárhagsupplýsingar um samstæðuna til ársloka 2016, fengnar úr óendurskoðuðu samanburðarupplýsingum í ársreikningi ársins 2017, nema annað sé tekið fram, sem endurspeglar framangreinda endurflokkun á liðunum. Valdar fjárhagsupplýsingar um samstæðuna til ársloka 2015 eru úr bókhaldsgögnum, að því er varðar þær endurflokkanir sem gerðar voru í ársreikningnum fyrir 2017.</p> <p>Til þess að geta sett fram upplýsingar í samræmi við framsetningu sem tekin var upp í endurskoðuðum samstæðuársreikningi ársins 2016 („Ársreikningur fyrir 2016“) eru valdar fjárhagsupplýsingar um samstæðuna til ársloka 2015,</p>
-----------------------------	--	---

	<p>nema annað sé tekið fram, úr óendurskoðuðum samanburðarupplýsingum í ársreikningi ársins 2016, sem endurspeglar framangreinda endurflokkun á liðunum.</p> <p>Valdar fjárhagsupplýsingar um samstæðuna fyrir þriggja mánaða tímabilið sem endaði 31. mars 2018 eru, nema annað sé tekið fram, úr óendurskoðuðum samstæðuárshlutareikningi Arion banka fyrir þriggja mánaða tímabilið sem lauk 31. mars 2018, gerðum í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal 34, árshlutareikningar („IAS 34“).</p> <p>Þann 1. janúar 2018 innleiddi samstæðan IFRS 9, fjármálagerninga („IFRS 9“) og, eins og heimilt er samkvæmt umbreytingarákvæðum IFRS 9, var samanburðartímabilið ekki endurákvæðað. Í samræmi við það eru allar upplýsingar um samanburðartímabilið sem fram koma í þessari útboðslýsingu í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal 39, fjármálagerningar: skráning og mat („IAS 39“). Samstæðan beitti heimild í IFRS 9, að nota áfram áhættuvannareikningsskil samkvæmt IAS 39. Áhrif innleiðingarinnar á nýja staðlinum að fjárhæð 942 milljónir króna voru færð beint á óráðstafað eigið fé þann 1. janúar 2018.</p> <p>Að auki innleiddi samstæðan þann 1. janúar 2018 einnig IFRS 15, tekjur af samningum við viðskiptavinum („IFRS 15“). Við innleiðingu IFRS 15 var breyttu afturvirkur aðferðinni beitt, þar sem áhrifum upphaflegrar beytingar eru færð við upphaflega beytingu og án uppfærslu á samanburðartölum. Innleiðing IFRS 15 hafði ekki, að mati bankans, veruleg áhrif á yfirlit yfir heildarafkomu samstæðunnar.</p> <p>Endurskoðaðir samstæðuársreikningar fyrir árin sem lauk 31. desember 2017, 2016 og 2015 endurspeglar ekki breytingarnar vegna innleiðingar IFRS 9 og IFRS 15. Í þessum endurskoðuðum samstæðuársreikningum var beitt alþjóðlega reikningsskilastaðlinum („IAS“) 39, fjármálagerningar: færsla og mat („IAS 39“) og IAS 18, tekjur („IAS 18“), sem voru reikningsskilastaðlarnir sem voru í gildi á hverju tímabili. Af þeim sökum, vegna notkunar á nýju reikningsskilastöðlunum, voru endurskoðuðu samstæðuársreikningarnir fyrir árin sem lauk 31. desember 2017, 2016 og 2015 og samanburðarfjárhæðir í þriggja mánaða tímabilinu sem lauk 31. mars 2017, ekki að fullu sambærilegar við óendurskoðaða samstæðuárshlutareikninginn fyrir þriggja mánaða tímabilið sem lauk 31. mars 2018.</p>
--	--

Yfirlit um heildarafkomu samstæðunnar

	1. janúar til 31. mars		1. janúar til 31. desember		
	2018	2017	2017	2016	2015
	<i>(í milljónum króna)</i>				
Vaxtatekjur	14.162	13.723	57.089	61.655	54.546
Vaxtagjöld.....	7.254	(6.563)	(27.254)	(31.755)	(27.554)
Hreinar vaxtatekjur.....	6.908	7.160	29.835	29.900	26.992
Póknatekjur.....	8.197	6.091	29.777	23.887	21.234
Póknagjöld	(4.655)	(2.761)	(14.420)	(9.909)	(6.750)
Hreinar þóknatekjur	3.542	3.330	15.357	13.978	14.484
Hreinar fjármunatekjur	1.340	1.230	4.091	5.162	12.844
Hreinar tekjur af tryggingum.....	143	447	2.093	1.395	760
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага og hrein virðisrýrnun.....	(18)	(34)	(925)	908	29.466
Aðrar tekjur.....	269	564	2.927	3.203	2.074
Rekstrartekjur	12.184	12.697	53.378	54.546	86.620
Laun og tengdur gjöld	(4.636)	(4.222)	(17.189)	(16.659)	(14.892)
Annar rekstrarkostnaður	(3.996)	(3.834)	(12.772)	(13.881)	(12.919)
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki	(804)	(797)	(3.172)	(2.872)	(2.818)
Hrein virðisbreyting	(99)	880	186	7.236	(3.087)
Hagnaður fyrir skatta.....	2.649	4.724	20.431	28.370	52.904
Tekjuskattur	(818)	(1.371)	(5.806)	(6.631)	(3.225)
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi ...	1.831	3.353	14.625	21.739	49.679
Afkoma af aflagðri starfsemi, eftir skatta	118	—	(206)	—	—
Hreinar tekjur.....	1.949	3.353	14.419	21.739	49.679
Önnur heildarafkoma.....					
Hreinn hagnaður af fjáreignum á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu, eftir skatta.....	30	—	—	—	—
Innlestur hagnaður hagnaður af fjáreignum á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu, eftir skatta, færður á rekstrarreikning.....	(97)	—	—	—	—
Hreinn hagnaður af fjáreignum til sölu, að frádregnum skatti.....	—	—	—	(2.903)	2.903
Þýðingarmunur vegna reikningsskila dótturféлага í erlendri mynt.....	(59)	44	(5)	182	13
Heildarafkoma	1.823	3.397	14.414	19.018	52.595
Hluthafar Arion banka.....	1.823	3.396	14.395	18.426	44.884
Hlutdeild minnihluta	—	1	19	592	7.711

Efnahagsreikningur samstæðunnar

	31. mars	31. desember		
	2018	2017	2016	2015
	<i>(í milljónum króna)</i>			
Eignir				
Handbært fé og innstæður í Seðlabanka Íslands	97.934	139.819	87.634	48.102
Lán til lánastofnana	94.961	86.609	80.116	87.491
Lán til viðskiptavina.....	782.255	765.101	712.422	680.350
Fjármálagerningar	106.415	109.450	117.456	133.191
Fjárfestingareignir	6.749	6.613	5.358	7.542
Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum	743	760	839	27.299
Óefnislegar eignir.....	13.498	13.848	11.057	9.285
Skatteignir	611	450	288	205
Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi.....	8.496	8.138	4.418	5.082
Aðrar eignir	20.107	16.966	16.436	12.496
Eignir samtals	1.131.769	1.147.754	1.036.024	1.011.043
Skuldir				
Skuldir við lánastofnanir og Seðlabanka Íslands	7.880	7.370	7.987	11.387
Innlán frá viðskiptavinum	453.059	462.161	412.064	469.347
Fjárskuldir á gangvirði	3.130	3.601	3.726	7.609
Skattskuldir	6.885	6.828	7.293	4.922

Aðrar skuldir	55.715	57.062	54.094	49.461
Lántaka.....	400.855	384.998	339.476	256.058
Víkjandi lán.....	—	—	—	10.365
Skuldir samtals.....	927.524	922.020	824.640	809.149
Eigið fé				
Hlutafé og yfirverð hlutafjár.....	58.722	75.861	75.861	75.861
Varasjóðir.....	14.880	16.774	19.761	4.548
Óráðstafað eigið fé	130.515	132.971	115.590	112.377
Eigið fé hluthafa samtals	204.117	225.606	211.212	192.786
Hlutdeild minnihluta	128	128	172	9.108
Eigið fé samtals	204.245	225.734	211.384	201.894
Skuldir og eigið fé samtals.....	1.131.769	1.147.754	1.036.024	1.011.043

Útdráttur úr yfirliti um sjóðstreymi samstæðunnar

	1. janúar - 31. mars		1. janúar – 31. desember	
	2018	2017	2017	2016
		<i>(í milljónum króna)</i>		
Handbært fé frá rekstri	(9.658)	94.577	62.663	17.476
Fjárfestingarhreyfingar	(623)	(532)	(5.036)	21.366
Fjármögnunarhreyfingar	(24.254)	—	(63)	(18.171)
Handbært fé í upphafi tímabils.....	181.898	123.933	123.933	110.000
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	(1.047)	439	401	(6.738)
Handfært fé í lok tímabils	146.316	218.417	181.898	123.933

Áhrif á efnahagsreikning samstæðunnar, breyting úr IAS 39 í IFRS 9 1. janúar 2018

	IAS 39 31. desember 2017	Áhrif flokkun ar og mats	Áhrif virðisrý rnunar (1)	Heildar áhrif	IFRS 9 1. janúar 2018
<i>(í milljónum króna)</i>					
Eignir					
Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka Íslands	139.819	—	(7)	(7)	139.812
Lán til lánastofnana	86.609	—	(3)	(3)	86.606
Lán til viðskiptavina	765.101	486	930	1.416	766.517
Fjármálagerningar	109.450	—	—	—	109.450
Fjárfestingareignir	6.613	—	—	—	6.613
Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum	760	—	—	—	760
Óefnislegar eignir	13.848	—	—	—	13.848
Skatteignir	450	—	—	—	450
Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi	8.138	—	—	—	8.138
Aðrar eignir	16.966	—	—	—	16.966
Eignir samtals	1.147.754	486	920	1.406	1,149,160
Skuldir					
Skuldir við lánastofnanir og Seðlabanka Íslands	7.370	—	—	—	7.370
Innlán frá viðskiptavinum	462.161	—	—	—	462.161
Fjárskuldir á gangvirði	3.601	—	—	—	3.601
Skattskuldir	6.828	97	138	235	7.063
Aðrar skuldir	57.062	—	229	229	57.291
Lántaka	384.998	—	—	—	384.998
Skuldir samtals	922.020	97	367	464	922.484
Eigið fé					
Hlutfé og yfirverð hlutfjár	75.861	—	—	—	75.861
Varasjóðir	16.774	—	3	3	16.777
Óráðstafað eigið fé	132.971	389	550	939	133.910
Eigið fé hluthafa samtals	225.606	389	553	942	226.548
Hlutdeild minnihluta	128	—	—	—	128
Eigið fé samtals	225.734	389	553	942	226.676
Skuldir og eigið fé samtals	1.147.754	486	920	1.406	1,149,160

(1) Áhrif virðisrýrnunar stafa ekki af sérstakri eign eða eignum heldur notkun á nýju virðisrýrnunarlíkönunum fyrir „áætlað útlánatap“.

Taflan hér að ofan sýnir mælanleg áhrif IFRS 9 á efnahagsreikning samstæðunnar. Við það bætist eftirfarandi:

- IFRS 9 krefst þess að skuldageringar séu flokkaðir á grundvelli viðskiptalíkans og sjóðstreymi fjáreignarinnar, frekar en á tilgangi einstakra kaupa. Á grundvelli nýju krafanna var hluti af eignum bankans endurflokkaður frá afskrifuðu kostnaðarverði í gangvirði í gegnum rekstrarreikning og úr gangvirði í gegnum rekstrarreikning í gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu. Áhrif endurflokkunar frá gangvirði í gegnum rekstrarreikning í gangvirði gegnum aðra heildarafkomu hafði engin áhrif á bókfært virði eigna bankans.

IFRS 9 skiptir út virðisrýrnarlíkani um „orðið tap“ í nýtt líkan um „vænt tap“. Breytingin frá orðnu tapi til vænts taps krefst faglegs mats á ýmsum þáttum sem notaðir eru við útreikning á væntu tapi, svo sem hvernig efnahagslegar aðstæður hafa áhrif á útreikning á væntu tapi. Nýja líkanið er notað fyrir fjáreignir, sem eru skuldageringar (þar á meðal lán til viðskiptavina) færðum á

		<p>kostnaðarverði eða gangverði í gegnum aðra heildarafkomu, leigusamningseignir, skuldbindandi lánsloforð og ábyrgðir. Hlutfjáreignir eru ekki niðurfærðar með þessari aðferð. Innleiðing nýrra líkana olli lækkun á væntu tapi. Vænt tap vegna lánsloforða og ábyrgða eru birtar undir liðnum aðrar skuldir.</p> <p>Markverðar breytingar frá 31. mars 2018</p> <p>Að mati bankans hefur rekstur bankans frá 31. mars 2018 þróast með jákvæðum hætti. Hreinar vaxtatekjur jukust í apríl, að hluta til vegna aukinnar verðbólgu, sem hefur jákvæð áhrif á vaxtamun bankans þar sem hann á meiri verðtryggðar eignir en skuldir. Hreinar vaxtatekjur jukust einnig vegna endurgreiðslu á skuldabréfi á fyrsta ársfjórðungi 2018 sem bar tiltölulega háa vexti, sem dró úr vaxtakostnaði. Lánasafn bankans hefur stækkað í samræmi við vöxtinn á fyrsta ársfjórðungi með áframhaldandi vexti í húsnæðislánnum, lánnum til lítilla og meðalstórra félaga og útlánnum til fyrirtækja. Tryggingastarfsemi bankans hefur batnað eftir erfiðan fyrsta ársfjórðung. Kostnaðargrunnur hefur fylgt sambærilegri þróun og fyrstu þremur mánuðum ársins 2018 og virðisrýrnun útlána hefur verið að mestu óbreytt frá lokum fyrsta ársfjórðungs. Verkefnastaða á útlánasviðum og í fyrirtækjaráðgjöf eru í góðum farvegi.</p> <p>Að öðru leyti en lýst er hér að ofan hafa ekki orðið verulegar breytingar á fjárhags- eða viðskiptastöðu samstæðunnar frá lokum síðasta fjárhagstímabils þann 31. mars 2018, lokadagsetningu síðasta bókhaldstímabils sem framangreindar fjárhagsupplýsingar ná til.</p>
B.8, B.31	<i>Valdir pro forma reikningar</i>	Á ekki við. Í lýsingunni eru engir pro forma reikningar.
B.9, B.31	<i>Afkomuspá</i>	Á ekki við. Í lýsingunni er engin afkomuspá eða útreikningur á væntri afkomu.
B.10, B.31	<i>Fyrirvari á endurskoðunar-skýrslu</i>	Á ekki við. Það eru engir fyrirvarar á endurskoðunarskýrslum.
B.11	<i>Ónægt veltufé</i>	Á ekki við. Að mati Arion banka er nægt veltufé fyrir núverandi starfsemi.
B.32	<i>Nafn/rekstrarform/lögheimili útgefanda sænska innlánskírteinis (SDR)</i>	Vörsluaðilinn, sem útgefandi heimildarskírteina (SDR) í Svíþjóð er Skandinaviska Enskilda Banken AB (publ) („SEB“ eða „vörsluaðilinn“), fjármálafyrirtæki sem starfar samkvæmt sænskum lögum. Vörsluaðilinn lýtur meðal annars eftirliti sænska fjármálaeftirlitsins (FSA). Lögheimili hans er að Kungsträdgårdsgatan 8, SE-106 40 Stockholm, Svíþjóð. Vörsluaðilinn var stofnaður 1971.

Kafli C — Verðbréf

<p>C.1, C.13, C.14</p>	<p><i>Tegund og flokkar verðbréfa</i></p>	<p>Almenn hlutabréf í bankanum að nafnvirði 1 kr. („hlutir“) (ISIN-kóði: IS0000028157)</p> <p>Sænsk innlánskírteini, sem hvert stendur fyrir einn almennan hlut í bankanum, („SDR“) (ISIN kóði: SE0010413567)</p> <p>(saman, „verðbréfin“).</p>
<p>C.2, C.13, C.14</p>	<p><i>Gjaldmiðill verðbréfanna</i></p>	<p>Hlutirnir eru í íslenskum krónum. SDR eru í sænskum krónum („sænsk króna“ eða „SEK“).</p> <p>Viðskipti með hluti í íslenskum krónum á NASDAQ Iceland og viðskipti með SDR verða í sænskum krónum á NASDAQ Stockholm.</p>
<p>C.3, C.13</p>	<p><i>Fjöldi útgefna og greiddra hluta og nafnverð á hlut</i></p>	<p>Samkvæmt samþykktum Arion banka dags. 31. mars 2018 er útgefið hlutafé alls kr. 2.000.000.000 í 2.000.000.000 hlutum að nafnvirði 1 króna hver. Allir hlutir eru greiddir að fullu.</p> <p>Í febrúar 2018 keypti bankinn 190.000.000 eða 9,5% af eigin hlutum af Kaupskilum fyrir 90,203 kr. á hlut, fjárhæðin var dregin frá 25 milljarða króna arðgreiðslu sem samþykkt var á hluthafafundi 12. febrúar 2018. Heimild til endurkaupa á hlutunum var byggð á tímabundnu ákvæði í samþykktum bankans, sem samþykkt var á sama hluthafafundi sem rann út 15. apríl 2018. Enginn atkvæðisréttur fylgir eigin bréfum bankans á meðan þau eru í eigu hans.</p>
<p>C.4, C.13, C.14</p>	<p><i>Réttindi sem fylgja verðbréfunum</i></p>	<p><i>Hlutir</i></p> <p>Aðalfundir skulu haldnir fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Æðsta vald í málefnum bankans er í höndum lögmeðtra hluthafafunda. Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverri krónu í hlutafjáreign og ákvarðanir á hluthafafundum eru almennt samþykktar með meirihluta atkvæða.</p> <p>Hlutunum fylgja engin sérstök réttindi.</p> <p>Hluthafafundur getur samþykkt hækkun á hlutafé. Hluthafar eiga forkaupsrétt að nýjum hlutum í réttu hlutfalli við hlutafjáreign sína og innan tímamarka sem tilgreind eru í samþykkt um hlutafjárukningu. Hluthafafundur getur þó, með tveimur þriðju hlutum atkvæða, samþykkt að afsala sér forkaupsrétti á hlutafjárukningu.</p> <p>Stjórnin gerir tillögu um arðgreiðslur sem lagðar eru fyrir hluthafa á hluthafafundi. Arð skal greiða út eigi síðar en sex mánuðum eftir samþykkt þess efnis á almennum fundi. Allar arðgreiðslur koma til greiðslu til skráðra hluthafa á aðalfundardegi þegar arðgreiðslur voru samþykktar. Þó getur aðalfundur ákveðið að arðurinn komi til greiðslu til skráðra hluthafa á öðrum degi, að því tilskildu að kveðið sé á um þennan dag í ákvörðun almenns fundar um arðgreiðslu og að markaðinum sé tilkynnt um það í gegnum NASDAQ Iceland.</p> <p>Dagsetning arðgreiðslunnar er ákveðin af hluthöfum á aðalfundinum. Arðurinn er ákveðinn á aðalfundi og greiddur í íslenskum krónum.</p> <p>Bankinn heldur eftir íslenskum sköttum af arðgreiðslum.</p> <p>Komi til gjaldþrots bankans eiga hluthafar hans rétt á þeim eignum sem eftir eru, í hlutfalli við eignarhlut sinn, þegar skuldir og skattar bankans</p>

ásamt kostnaði við gjaldprotameðferð hafa verið greiddar.

SDR

Félagið skal tilkynna SEB um hluthafafund eigi síðar en 21 almanaksdegi fyrir og ekki fyrir en 28 almanaksdögum fyrir hluthafafund. Eins fljótt og auðið er eftir það skal félagið tilkynna eigendum heimildarskírteina um hluthafafundinn. Tilkynningin skal innihalda i) nafn félagsins og skráningarnúmer, ii) tegund hluthafafundarins, iii) tíma og staðsetningu hluthafafundarins, iv) upplýsingar um hvar finna má fundarboðið og dagskrá hluthafafundarins á vefsíðu fyrirtækisins, v) skráningardag fyrir eigendur heimildarskírteina og vi) leiðbeiningar um það sem eigendur heimildarskírteina þurfa að gera til að geta kosið á hluthafafundinum með því að sækja fundinn sjálfir eða veita öðrum umboð til að sækja fundinn og kjósa fyrir þeirra hönd eða gefa SEB fyrirmæli um kosningu með umboði. Aðeins eigendur heimildarskírteina sem skráðir eru í VPC-skránni fimm (5) almanaksdögum fyrir hluthafafundinn og sem hafa, eigi síðar en fimm (5) almanaksdögum fyrir fundinn, tilkynnt SEB eða fulltrúa þess um að þeir ætli að sækja fundinn og kjósa á fundinum eða hafa gefið SEB fyrirmæli um kosningu með umboði eiga rétt á að sækja fundinn, annað hvort í eigin persónu, eða ef umboðsmaður mætir fyrir þeirra hönd eða ef kosning fer fram samkvæmt umboði. SEB, sem skráður eigandi hlutanna, skal tilnefna umboðsaðila fyrir alla eigendur heimildarskírteina sem hafa tilkynnt SEB eða fulltrúa þess að þeir hyggjast senda fulltrúa á hluthafafundinn. Gefa skal fyrirtækinu upplýsingar um þessa umboðsaðila ásamt skrá yfir eigendur heimildarskírteina sem fengið hafa umboðsaðila. Fyrirtækið skal senda efni tengt hluthafafundinum sem finna má á heimasíðu fyrirtækisins með pósti ef fram kemur beiðni um slíkt frá eiganda heimildarskírteinis.

Arðgreiðslur vegna SDR skulu greiddar út í sænskum krónum („SEK“) til þeirra einstaklinga sem á viðkomandi skráningardegi eru skráðir í VPC-skránni sem eigendur heimildarskírteina eða réttshafar hvað varðar arð. SEB skal ákveða dagsetningar arðgreiðslna („greiðsludagur“) fyrir allar greiðslur í samráði við fyrirtækið. Arðgreiðslur til eigenda heimildarskírteina eða eigenda annarra arðsréttinda skulu fara fram á greiðsludegi í gegnum Euroclear og í samræmi við gildandi reglur og skilmála Euroclear á hverjum tíma.

SEB skal umreikna arð í erlendum gjaldeyri yfir í sænskar krónur í samræmi við það gengi sem SEB notar á hverjum tíma sem ákveðið skal í samræmi við opinbert markaðsgengi áður en greiðsla fer fram. Umreikningur erlends gjaldeyris yfir í SEK skal fara fram þremur (3) bankadögum fyrir greiðsludag. Upphæð arðsins sem SDR greiðir út verður námunduð niður í næsta heila eyri. SEB skal endurgreiða fyrirtækinu þá fjárhæð sem verður afgangss vegna námundunar.

Arðgreiðslur til eigenda heimildarskírteina skulu greiddar út án frádráttar vegna kostnaðar, gjalda eða öðru slíku sem tengist fyrirtækinu, SEB, undirvörsluáðilanum eða umboðsmönnum þeirra. Hins vegar skal draga frá bráðabirgðagreiðslu á sænskum tekjuskatti, afdráttarskatti eða öðrum sköttum samkvæmt sænskum lögum eða samningum við erlend skattayfirvöld, auk allra skatta sem heimilt er að leggja á samkvæmt sænskum eða íslenskum ákvæðum eða gildandi

		<p>ákvæðum í öðru landi.</p> <p>Samkvæmt sænskum lögum er gert ráð fyrir að allt reiðufé sem vörsluaðili sjóðsins geymir fyrir handhafa SDR sem banki samkvæmt skilmálum og skilyrðum SDR myndi teljast ótryggð skuldbinding vörsluaðilans. Handhafar SDR myndu því aðeins eiga ótryggða kröfu á hendur vörsluaðila verði hann ógjaldfær og slíkt reiðufé kæmi einnig til skiptana hjá almennum kröfuhöfum vörsluaðilans. Vörsluaðilanum er hins vegar skylt samkvæmt sænskum lögum að aðskilja SDR frá verðbréfum sem tilheyra vörsluaðilanum og þau SDR myndu því ekki teljast til þrotabús vörsluaðila. Vörsluaðili telst brjóta í bága við samningsskyldur sínar samkvæmt skilmálum SDR og eigendur SDR ættu kröfu á hendur vörsluaðilanum samkvæmt sænskum lögum vegna vanefnda hans á samningsbundnum skuldbindingum sínum ef vörsluaðilinn getur ekki greitt handhöfum SDR reiðufé eða afhent þeim eignir í öðru en reiðufé í tilvikum þar sem ber að gera slíkt samkvæmt skilmálum SDR.</p> <p>Samkvæmt skilmálum SDR, á vörsluaðilinn rétt á að segja upp SDR samkomulaginu við bankann í tilteknum kringumstæðum. Komi til þess mun vörsluaðilinn afhenda handhöfum SDR tilkynningu um slit sem skal innihalda færsludagsetningu þar sem SEB afskráir öll SDR og flytur hlutina á vörslureikning samkvæmt fyrirmælum hvers handhafa SDR eða eins og um er samið við handhafa SDR. Ef i) handhafi SDR hefur ekki gefið færslufyrirmæli á vörslureikning, ii) ekki er mögulegt að færa hlutina í samræmi við færslufyrirmæli handhafa SDR eða (iii) samkomulag hefur ekki náðst, hefur SEB rétt á því að selja undirliggjandi hluti. Handhafi SDR skal hafa rétt á andvirði slíkrar sölu að frádregnum gjöldum, sköttum og sanngjörnum kostnaði. Fjárhæðin skal greidd inn á reikning tengdan viðkomandi VPC-reikningi handhafa viðkomandi SDR eða, ef slíkur reikningur er ekki fyrir hendi, í formi greiðslufyrirmæla. Engar vextir skulu safnast á fjárhæðina.</p>
<p>C.5, C.13, C.14</p>	<p><i>Hömlur á framsali</i></p>	<p>Hvorki hlutirnir né SDR eru háðir hömlum á framsali á NASDAQ Iceland eða NASDAQ Stockholm. Í samþykktum bankans eru engar takmarkanir á framsali hluta og hluthöfum er heimilt að veðsetja hluti sína nema lög segi til um annað. Samkvæmt íslenskum hlutafélagalögum er heimilt að framselja forgangsrétt til hlutafjárukningar.</p> <p>Þó eiga sérstakar reglur við um virkan eignarhlut í fjármálafyrirtækjum samkvæmt 40.-49. gr. b í lögum um fjármálafyrirtæki. Aðilar sem hyggjast eignast virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki skulu tilkynna Fjármálaeftirlitinu fyrir fram um áform sín. Hið sama á við hyggist aðili, einn sér eða í samstarfi við aðra, auka svo við eignarhlut sinn að virkur eignarhlutur nái eða fari yfir 20%, 33% eða 50% eða nemi svo stórum hluta að fjármálafyrirtæki verði talið dótturfélag hans. „Virkur eignarhlutur“ er bein eða óbein hlutdeild í félagi sem nemur 10% eða meira af hlutafé, stofnfé eða atkvæðisrétti, eða gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun viðkomandi fjármálafyrirtækis. Hyggist eigandi „virks eignarhlutar“ draga svo úr eignarhluta sínum að hann eigi ekki „virkan eignarhlut“ eftir það skal hann tilkynna það Fjármálaeftirlitinu fyrir fram og einnig hver eignarhlutur hans muni verða. Fari eignarhluturinn niður fyrir tiltekin mörk, eða svo mikið að</p>

		<p>fjármálafyrirtækið hættir að vera dótturfélag hlutaðeigandi skal það einnig tilkynnt.</p> <p>Aðili sem eignast hlutina getur ekki nýtt rétt sinn sem hluthafi fyrir en nafn viðkomandi hefur verið skráð í hlutaskrá bankans eða viðkomandi hefur tilkynnt og sýnt fram á eignarhald sitt á hlutunum.</p>
C.6, C.13	<i>Umsókn um töku til viðskipta</i>	Sótt hefur verið um töku til viðskipta á öllum hlutum undir merkinu „ARION“ á NASDAQ Iceland og töku til viðskipta á allt að 2.000.000.000 SDR undir merkinu „ARIONS“ á NASDAQ Stockholm.
C.7, C.13	<i>Arðgreiðslu-stefna</i>	Á grundvelli væntrar afkomu bankans til meðallangs tíma hyggst bankinn greiða árlega arðgreiðslu, fyrir sérstakar greiðslur, í samræmi við u.þ.b. 50% greiðsluhlutfall af hagnaði sem tilheyrir hluthöfum Arion banka.

Kaflí D — Áhætta		
D.1, B.31	<i>Helstu áhættur sem tengjast útgefanda eða atvinnugrein hans</i>	<p>Áhætta fylgir fjárfestingum í verðbréfum. Áður en ákvörðun er tekin um fjárfestingu er mikilvægt að huga vandlega að áhættuþáttum sem varða framtíðarþróun Arion banka og verðbréfanna. Á meðal þessara áhættuþátta eru eftirfarandi þættir sem varða fjármálageirann og starfsemi bankans, og gæti hver þeirra haft veruleg neikvæð áhrif á starfsemi, horfur, fjárhagsstöðu og/eða rekstrarafkomu Arion banka:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Þróun efnahagsmála og stjórn mála á Íslandi kann að draga úr getu viðskiptavina Arion banka til að endurgreiða lán sín og þannig haft neikvæð áhrif á Arion banka. Þróun efnahagsmála og stjórn mála í helstu viðskiptamörkuðum Íslands, svo sem í Bretlandi, Bandaríkjunum og Evrópusambandinu, kann einnig að hafa neikvæð áhrif á íslenskan efnahag og þar af leiðandi á Arion banka. Hlutfallsleg smæð íslensks efnahags, lítill vilji einkageirans til lántöku, takmarkað svigrúm til alþjóðlegrar starfsemi og tiltölulega hátt hlutfall vandræðalána hjá íslenskum bönkum kann að hamla vaxtarmöguleikum Arion banka í náninni framtíð; • Viðhorf almennings til bankanna eða breytingar á íslenski löggjöf kunna að hamla rekstri Arion banka og/eða getu bankans til að greiða út arð; • Rekstur Arion banka er að miklu leyti fjármagnaður með ótryggðum og óbundnum innlánnum svo Arion banki er útsettur fyrir lausafjáráhættu vegna misræmis á tímalengd eigna og skulda. Arion banki reiðir sig í auknum mæli á aðra fjármögnun en innistæður svo einnig er til staðar hætta vegna neikvæðrar þróunar á skulda- og hlutabréfamörkuðum; • Arion banki er útsettur fyrir áhættu vegna vaxta, lánstíma, verðbólgu, gengis og annarri áhættu sem kann að skapa misræmi milli eigna og skulda sem hamlar greiðslugetu Arion banka. Arion banki er enn fremur útsettur fyrir margvíslegri áhættu í lánasafni bankans vegna vandræðalána, verulegrar áhættuskuldbindingar gagnvart fasteignamarkaði og sjávarútvegi

Kafli D — Áhætta

		<p>og mikillar áhættuskuldbindingar gagnvart íslenskum lántakendum;</p> <ul style="list-style-type: none">• Sem íslensk fjármálastofnun fellur Arion banki undir sérstaka skattlagningu á skuldsetningu og laun til starfsmanna. Þessir skattar og önnur gjöld kunna að auka rekstrar- og fjármögnunarkostnað Arion banka og skerða samkeppnisstöðu bankans gagnvart innlendum og erlendum lánveitendum sem þurfa ekki að greiða slíka viðbótarskatta;• Arion banka mun ef til vill ekki takast að framfylgja stefnu sinni með fullnægjandi hætti og ófyrirséð stjórn mála-, efnahags- eða markaðsþróun, eða þróun í kjölfar kaupa eða sölu eigna, kann að hafa neikvæð áhrif á Arion banka og koma í veg fyrir að bankinn nái að framfylgja stefnu sinni;• Arion banki kann að standa frammi fyrir aukinni samkeppni frá íslenskum bönkum og öðrum fjármálastofnunum, þar á meðal erlendum fjármálastofnunum;• Arion banki kann að brjóta í bága við lög eða reglugerðir með tilheyrandi aðfararaðgerðum, málaferlum og/eða skaða á orðspori. Málsóknir og/eða aðrar kröfur og rannsóknir kunna einnig að fara fram á hendur Arion banka;• Rekstri Arion banka kann að vera hamlað og bankinn gæti þurft að bera aukinn kostnað og standa í málaferlum og/eða þola skaða á orðspori vegna bilana eða rofs á upplýsingakerfum eða birtingu á trúnaðarupplýsingum, hvort sem það tengist slíkri bilun eða rofi eða ekki;• Lánshæfismat Arion banka kann að lækka og fjármögnunarkostnaður aukast af þeim völdum;• Á meðal rekstraráhættuþátta hjá Arion banka er hættu á að orðspor bankans eða dótturfélaga hans skaðist, hættu á að áhættustýringarkerfi eða annað innra eftirlit bregðist, misferli starfsmanna eða mannleg mistök, misbrestur á því að ráða eða halda í lykilstjórnendur. Bilun eða rof á þjónustu þriðju aðila, skortur á viðunandi tryggingum eða takmörkunum, afturköllun eða riftun rekstrarleyfa;• Full innleiðing tilskipunar um eiginfjárkröfur, samþykkt af Evrópuþinginu og leiðtoga ráði Evrópusambandsins árið 2013, til innleiðingar á Basel III rammanum, eða breytingar á henni, kann að leiða til þess að Arion banki þurfi að afla aukins fjármagns með útgáfu nýrra verðbréfa til að uppfylla eiginfjárkröfur og kann enn fremur að takmarka getu Arion banka til að greiða út arð;• Arion banki og dótturfélagið Valitor eru háð þátttöku í greiðslukortakerfum Visa og MasterCard. Aukinn kostnaður við þátttöku í þessum kerfum kann að skerða framlegð Arion banka og Valitors og breytingar á sambandi Arion banka eða Valitors
--	--	--

Kafli D — Áhætta		
		<p>við þessi greiðslukortakerfi kunna að hafa neikvæð áhrif á rekstur Arion banka og Valitors; og</p> <ul style="list-style-type: none"> Kostnaður við eignastýringu Arion banka kann að aukast vegna nýrra reglugerða og innlausnir og úttektir kunna að aukast vegna bágrar frammistöðu eða aukinnar samkeppni frá innlendri eða erlendri eignastýringu í kjölfar afléttingar fjármagnshafta með tilheyrandi skerðingu á rekstrarafkomu af eignastýringu. <p>Til staðar eru frekari áhættur sem varða greinina og starfsemi bankans, þar á meðal lagaleg og fjárhagsleg áhætta, og að auki kann að vera til staðar áhætta sem Arion banka er ókunnugt um.</p>
D.3, D.5	<i>Helstu áhættur í tengslum við verðbréfin</i>	<p>Helstu áhættur í tengslum við útboðið og útboðin verðbréf eru meðal annars eftirfarandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> Almenn áhætta í tengslum við verðbréfin (áhætta er óumflýjanlegur fylgifyiskur hlutabréfaeignar og SDR og þar sem fjárfesting í hlutabréfum og SDR kann bæði að hækka og lækka að virði er óvíst að fjárfestir geti endurheimt það fé sem fjárfest var fyrir, hvort sem er af völdum almennra markaðssveiflna, gengissveiflna eða af öðrum völdum); Framtíðararðgreiðslur (upphæðir allra framtíðararðgreiðslna velta á getu Arion banka til að greiða hluthöfum sínum arð, sem aftur veltur á framtíðartekjum, fjárhagsstöðu, sjóðstreymi, eiginfjárkröfum, rekstrarafkomu, viðhorfum almennings og stjórnvalda og öðrum þáttum); Áhætta tengd fjárfestingu í SDR (er tengist ógjaldfærni eða vanskilum vörsluaðilans eða undirvörsluaðilans hvað varðar SDR eða uppsögn vörsluaðilans á SDR fyrirkomulaginu, staðgreiðsluskattur bæði á Íslandi og í Svíþjóð); og Möguleiki á verulegri framtíðarsölu seljenda eða Kaupþings á hlutabréfum.

Kafli E — Útboð		
E.1	<i>Upphæð og kostnaður við útgáfu</i>	<p>Heildar söluandvirði útboðs sem rennur til seljenda verður u.þ.b. 43.236 milljónir króna (að því gefnu að útboðsverð sé á miðju verðbilinu, fjöldi útboðinna hluta og SDR sem seld eru sé mitt á milli 22.63% og 36.20% af heildarfjölda útgefna hluta og að umframsöluréttur sé ekki nýttur). Samanlögð sölutryggingarþóknun, önnur gjöld og kostnaður (þar á meðal kostnaður við lögbundna skýrslugerð og skráningu) og upphæðir sem seljendur greiða í tengslum við útboðið er áætlað að sé u.þ.b. 1.474 milljónir króna (að því gefnu að útboðsverð sé á miðju verðbilinu, fjöldi útboðinna hluta og SDR sem seldir eru sé mitt á milli 22.63% og 36.20% af heildarfjölda útgefna hluta og að umframsöluréttur sé ekki nýttur).</p>

Kafli E — Útboð		
E.2a	<i>Tilgangur og notkun á ágóða af útgáfu</i>	<p>Útboðið og skráning verðbréfanna á NASDAQ Iceland og NASDAQ Stockholm mun fjölga í eigendahópnum og gera Arion banka kleift að fá aðgang að íslenskum, sænskum og öðrum alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Stjórnin og framkvæmdastjórnin líta á útboðið og skráningu verðbréfanna á NASDAQ Iceland og NASDAQ Stockholm sem rökrétt skref fyrir Arion banka. Skráningin er gæðamerki og eflir vitund fólks um Arion banka og vörumerki hans, og gert er ráð fyrir að hún auki getuna til að laða að nýja viðskiptavini og styrkja vörumerki Arion banka.</p> <p>Bankinn fær ekkert af söluandvirði útboðsins heldur rennur það allt til seljenda.</p>
E.3	<i>Fyrirkomulag og skilmálar útboðsins</i>	<p>Útboðið tekur til þegar útgefinna hluta í Arion banka í eigu seljenda (hvort sem þeir eru seldir sem hlutir eða SDR). Seljendur og bankinn koma sér saman um endanlegan fjölda útboðinna verðbréfa sem seld eru í útboðinu í nánu samráði við alþjóðlega söluráðgjafa. Boðin verða útboðin verðbréf sem eru að minnsta kosti 25.0% alls útgefins, og útistandandi hlutafjár í bankanum og mesta lagi 40,0% alls útgefins og útistandandi hlutafjár.</p> <p>Öll útboðin verðbréf sem seld eru til fjárfesta í útboðinu verða seld á útboðsverðinu.</p> <p>Útboðið fer fram með:</p> <ul style="list-style-type: none"> • almennu útboði til íslenskra fjárfesta í samræmi við gr. 43(1) í lögum um verðbréfavíðskipti; • almennu útboði til sænskra fjárfesta; og • útboði til stofnanafjárfesta: (i) til tiltekinna stofnanafjárfesta utan Bandaríkjanna samkvæmt reglugerð S og í samræmi við lög og reglugerðir á hverjum stað og (ii) í Bandaríkjunum, eingöngu til viðurkenndra stofnanafjárfesta samkvæmt reglu 144A eða samkvæmt annarri undanþágu frá, eða í viðskiptum sem falla ekki undir skráningarkröfur bandarískra hlutabréfalaga. <p>Gert er ráð fyrir að útboðnir hlutir verði seldir á verði („Útboðsgengi“) sem er á bilinu 68 krónur og 79 krónur á útboðinn hlut og SDR og verður ákvarðað í gegnum áskriftarferli (book-building process). Útboðsgengið verður gefið upp í krónum og verður, í tengslum við sölu á SDR í gegnum NASDAQ Stockholm, umreiknað í sænskar krónur miðað við gildandi sölugengi sem Seðlabanki Íslands birtir 14. júní 2018.</p> <p>Úthlutun verðbréfa í almenna útboðinu á Íslandi og í Svíþjóð og í útboði til stofnanafjárfesta fer fram samkvæmt einhliða ákvörun Kaupskila, í nánu samráði við alþjóðlega söluráðgjafa og bankann. Við úthlutun útboðinna verðbréfa verður tekið tillit til markmiða útboðsins, þ.e. að stuðla að auknum seljanleika verðbréfanna, auka fjölbreytni í eigendahópnum, selja hlutina á sem hagstæðustu verði fyrir seljendur og að stuðla að góðum eftirmarkaði með útboðin verðbréf. Seljendur og bankinn kunna að veita starfsmönnum bankans, Kaupþings og Kaupskila einhvern forgang við ráðstöfun hlutanna.</p>

Kafli E — Útboð

		<p>Áætlað er að niðurstaða útboðsins verði birt 15. júní 2018 og NASDAQ Iceland og NASDAQ Stockholm munu í kjölfarið svara umsókn bankans um viðskipti með útboðin verðbréf á skipulegu verðbréfamörkuðunum NASDAQ Iceland og NASDAQ Stockholm. Í kjölfarið er gert ráð fyrir að upplýsingum um úthlutun hlutabréfanna til fjárfesta í útboðinu verði miðlað til fjárfesta 15. júní 2018 ef samþykki hefur borist frá NASDAQ Iceland og NASDAQ Stockholm þann 15. júní 2018. Lokadagsetning er þá 19. júní 2018 (18. júní fyrir almenna fjárfesta á Íslandi) og kaupendum verða afhent greidd útboðin verðbréf eigi síðar en tveimur virkum dögum eftir móttöku greiðslu. Samkvæmt ofangreindum upplýsingum er því áætlað að fyrsti dagur skilyrtra viðskipta með verðbréfin (háð töku til viðskipta) verði 15. júní 2018 og að fyrsti dagur óskilyrtra viðskipta skipulegum verðbréfamörkuðum NASDAQ Iceland og NASDAQ Stockholm verði 19. júní 2018, sami dagur og gert er ráð fyrir að verðbréfin verði tekin til viðskipta. Með ofangreindum dagsetningum er gert ráð fyrir að seljendur breyti ekki útboðstímabilinu, að úrvinnsla pantana taki ekki lengri eða skemmri tíma en seljendur vænta og að umsóknum bankans til NASDAQ Iceland og NASDAQ Stockholm sé svarað innan þess tímaramma sem seljendur vænta.</p> <p>Útboðstímabilið fyrir almennt útboð á Íslandi og í Svíþjóð hefst 31. maí 2018 kl. 12:00 að íslenskum tíma (kl. 14:00 að sænskum tíma) og lýkur 13. júní 2018 kl. 15:00 að íslenskum tíma (17:00 að sænskum tíma). Ekki verður tekið við neinum áskriftum eftir að útboðstímabilinu lýkur (nema seljendur ákveði sérstaklega að seinka útboðinu eða framlengja það og í slíkum tilfellum mun viðauki við lýsingu þessa eða ný lýsing verða gefin út, eftir því sem við á).</p> <p>Miton Asset Management Limited og Lansdowne Partners (UK) LLP (“hornsteinsfjárfestar”) hafa skuldbundið sig til að kaupa verðbréf á útboðsgengi (innan þess verðbils sem tilgreint er að ofan) og mun fjöldi hluta nema annars vegar USD 22,5 milljónum og hinsvegar USD 38,0 milljónum. Gjaldmiðlagengi kaupanna ákvarðast út frá miðgengi Seðlabanka Íslands á degi sem útboðsgengi er ákveðið í tilviki Miton, en þann 30. maí í tilviki Lansdowne. Skuldbinding hornsteinsfjárfestanna er háð ýmsum skilyrðum. Hornsteinsfjárfestarnir munu ekki gangast undir söluhömlur í tengslum við úthlutun til þeirra.</p>
E.4	<i>Mikilvægir hagsmunaaðilar í útboðinu</i>	Að öðru leyti en fram kemur í B.6 hér á undan eru engir aðrir hagsmunir fyrir hendi, þar með talið hagsmunaárekstrar, sem hafa efnislega þýðingu í útboði þessu .

Kafli E — Útboð		
E.5	<i>Seljandi verðbréfanna og samningur um söluhömlur</i>	<p>Seljendur eru Kaupskil ehf. og Trinity Investments Designated Activity Company (fjárfestingarfyrirtæki stýrt af Attestor Capital LLP).</p> <p>Sala Trinity Investments Designated Activity Company (fjárfestingarfyrirtæki stýrt af Attestor Capital LLP) mun ráðast af eftirspurn á markaði. Sú sala kæmi til viðbótar sölu Kaupskila, og sala þessara aðila til samans mundi vera innan heildarfjölda seldra hluta eins og tilgreint er í lýsingu þessari. Skilmálar slíkrar sölu verða tilkynntir fjárfestum í tilkynningu um verð sem áætlað er að verði birt í kringum 15. júní 2018</p> <p>Seljendur, og aðrir kaupendur í lokuðu útboði sem átti sér stað í mars 2017 („fyrra lokaða útboðið“), hafa samþykkt að selja ekki aðra hluti sína (að því er varðar kaupendur í fyrra lokaða útboðinu, aðeins þá hluti sem keyptir voru í fyrra lokaða útboðinu) í 180 daga eftir fyrsta viðskiptadag með útboðsbréfin á NASDAQ Iceland eða NASDAQ Stockholm, með nokkrum undantekningum.</p> <p>Engar söluhömlur verða á verðbréfum sem úthlutað verður til hornsteinsfjárfesta</p>
E.6	<i>Þynningaráhrif</i>	Á ekki við. Þar sem ekki verða gefnar út neindir nýir hlutir í útboðinu verða engin þynningaráhrif af útboðinu.
E.7	<i>Kostnaður fjárfesta</i>	Á ekki við. Bankinn eða seljendur innheimta engin umboðslaun, gjöld eða kostnað af fjárfesti í tengslum við útboðið. Eins og kemur fram í skilmálum SDR er vörsluaðila heimilt að innheimta þóknun af eigendum SDR.